

# Umhverfisstefna

Siglingafélag Reykjavíkur – Brokey leitast við að hafa sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið í allri sinni starfsemi, bæði á sjó og landi. Þessi umhverfisstefna lýsir því hvernig félagið hyggst haga markmiðum sínum í umhverfismálum.



1. Við ætlum að uppfylla kröfur umhverfislöggjafar sem snýr að rekstri félagsheimilis og bátageymsla og gera betur en krafist er samkvæmt lögum ef mögulegt er. Við kaup á búnaði og efnum til reksturs félagsins og báta þess tökum við umhverfsvottaða birgja og vörur fram yfir og sýnum ábyrgð við innkaup.
2. Við tryggjum að eldsneytistankar báta félagsins séu fylltir á öruggan hátt til að koma í veg fyrir mengun. Öryggisbátar skulu vera með búnað til að bregðast við olíumengun á sjó og notendur þeirra þjálfaðir í notkun hans.
3. Við reynum að draga úr sóun á rafmagni og vatni, til dæmis með notkun orkunýtnari ljósapera og sjálfslökkvandi vatnshana á vatnsslöngur.
4. Við reynum að draga úr sorpmyndun, til dæmis með því að prenta ekki að óþörfu og með því að nota endurnýtanlegar umbúðir. Við flokkum sorp og höfum sérilát fyrir pappír, plast og annað sorp í aðstöðu félagsins. Við ætlumst til þess öllu sorpi sé skilað í land flokkuðu úr bátum við aðstöðu félagsins. Sorpi er skilað á móttökustöðvar.
5. Við fylgjum lögum um söfnun/geymslu spilliefna og skil á móttökustöðvar. Við vísum á viðeigandi ílát til að safna slíkum efnum, svo sem rafhlöðum, gamalli olíu og málningarefnum. Við hvetjum félagi til að hreinsa málningu af bátum sínum og bera á þá fúavarnarefni og botnmálningu á afmörkuðum svæðum þar sem hægt er að tryggja að efnin berist ekki í jarðveg, sjó eða vatn. Við hvetjum þá til að safna málningarflögum og farga líkt og öðrum spilliefnum.
6. Við hvetjum félagi til að taka ábyrga afstöðu til umhverfismála og hafa sjálfbærni að leiðarljósi við ástundun siglinga. Við mælumst til þess að félagar kynni sér viðkvæm haf- og strandsvæði þar sem þeir stunda siglingar og umgangist hafið af ábyrgð, til dæmis með því að henda aldrei rusli í sjó. Við hvetjum félagi til að þrifa báta sína að utan og losa sjó úr tönkum áður en siglt er milli hafna til að forðast að bera lífverur milli hafsvæða.
7. Við kynnum bæði félögum og gestum okkar þessa umhverfisstefnu og hengjum hana upp í félagsaðstöðu okkar. Eintak af stefnunni er aðgengilegt á vef félagsins. Stefnan skal endurskoðuð árlega og árangur félagsins við að uppfylla hana metinn um leið. Stjórn félagsins ber ábyrgð á matinu og skal standa skil á því á aðalfundi.

Fyrir hönd Siglingafélags Reykjavíkur - Brokeyjar

Dagsetning/undirskrift formanns: \_\_\_\_\_